

**Nd.**

## **96. Frumvarp**

til laga um afnám laga nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

### **1. gr.**

Lög nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, eru úr gildi felld.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **Greinargerð.**

Með reglugerð nr. 102, 23. okt. 1931, notaði ríkisstjórnin heimild laga þessara til þess að takmarka og banna innflutning á vörum til landsins í því skyni að bæta verzlunarjöfnuðinn og koma í veg fyrir, að þrot yrðu á erlendum gjaldreyri. Að visu mun þetta tæplega hafa verið heimilt, en um ráðstöfun þessa í upphafi skal þó ekki rætt hér. Hún hefir ef til vill eytt ótta manna við þrot gjaldeyrisins og að því leyti gert gagn í svip. En jafnvíst er hitt, að innflutningshöftin eru nú óþörf orðin og á margvislegan hátt skaðleg. Þau spilla atvinnu fjölda fólks, svipta ríkissjóðinn tekjum, sem hann má illa án vera, og spilla lánstrausti. En gagnið, sem að þeim virðist vera, er að mestu missýning ein. Verzlunarjöfnuður batnar á pappírnum og skuldir í útlöndum minnka, en þetta stafar af því, að vörubirgðir ganga upp að sama skapi, og felur það í sér hættu fyrir viðskiptin við útlönd síðar. Það er því bezt, eins og komið er, að afnema þessi höft nú, meðan kreppan sverfur að innanlands og kaupgetuleysi kemur í veg fyrir, að hætta sé á vörufloði til landsins.